



Ræða við móttöku mikrófilma, af skjölum
Hansakaupmanna um viðskipti við Ísland, sem
var gjöf frá Þjóðverjum, 3. desember 1954

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Ræður - Skjöl – Míkrófilma – Hansakaupmenn – Viðskipti –
Þýskaland – Gjöf – 3 desember 1954 - 1954

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-3, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Röðu vit mióttelu mikrofílmur af skiptum Hansakampanna um
vitshípi vit Ísland at gjöf frá V- þjótverjun 3/12/54. - Ekki kringt.
"Reperat" i Mbl. 4/12/54.

Ég vil af heilum hug þakka þá mikilsverðu gjöf, mynda þýzkra heimilda um sögu Íslands, sem mér hefur nú verið afhent. Bið ég yður, dr. Oppler, sendiherra, að flytja þær þakkir til rétttra aðila, jafnframt því, sem ég beini sérstöku þakklæti til yðar sjálfs fyrir þá mikilsverðu milligöngu, sem þér hafið haft í þessu máli.

Það, hversu mikið við metum þessa gjöf sýnum við bezt með því, að íslenskir fræðimenn hagnýti sér skjalamyndir þær, sem okkur eru nú gefnar með þeirri hugkvæmni, þolgæði og nákvæmni, sem vísindamenn um heim allan kenna við þýzka stéttarbræður sína.

Efast ég ekki um, að margt fróðlegt muni koma fram við ítarlega rannsókn þessara heimilda. Fyrirfram vitum við, að þær bera glöggt vitni hinum miklu viðskiftum, er voru milli Þjóðverja og Íslendinga fyrr á öldum á meðan við vorum ekki sviftir frelsi til þeirra. Síðar rofnuðu þau viðskifti báðum aðilum, en þó einkum Íslendingum til tjóns. Á síðari áratugum hafa þau vaxið upp að nýju, þrátt fyrir þær miklu truflanir, sem leitt hafa af tveim heimsstyrjöldum.

Sú sýning, sem nú er opnuð, sannar, að Þjóðverjar kunna enn sem fyrr að búa til vandaðar, smekklegar vörur ^{en vona} með skaplegu verði. Íslendingum er þess vegna tvímælalaus hagur af því að efla viðskifti sín við þá og vona ég, að þau megi í skjóli frelsis og friðar dafna um alla ókomna framtíð.